

VINNUFERLI VIÐ MINNA ALVARLEG BROT

Ef starfsmaður verður vitni af því að nemandi brýtur skólareglu þarf hann að vinna samkvæmt neðangreindu ferli.

Hefur nemandi verið kennd viðeigandi hegðun og hann æft hana, verið minntur á hana og fengið val um að lagfæra hegðunina eða fá stoppmiða?


Nei

Viðeigandi hegðun kennd, æfð og eða rifjuð upp með nemandanum. Hann hvattur til að forðast slíka hegðun í framtíðinni. Ef hann sýnir bættu hegðun þá er honum **hrósað** og málið er úr sögunni.


Já

Reglan yfirfarin, athugasemdir skráðar á **stoppmiða** og nemandanum gerð grein fyrir afleiðingunni t.d. forréttindamissi eða uppþótarverkefni sjá bls. 5 – 6.



Stoppmiði afhentur ritara og umsjónarkennari látinn vita. Ritari skráir í mentor og safnar miðunum í möppu eða að umsjónarkennari fær **stoppmiðann** og skráir í mentor.



Eftir 3 stoppmiða á hverju stoppmiðatímabili

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 3 stoppmiða (strax ef nauðsyn krefur, sjá alvarleg brot).



Eftir 5 stoppmiða á hverju stoppmiðatímabili

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 5 stoppmiða (strax ef nauðsyn krefur) og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.



Málið yfirfarið (með öðrum fundi, tölvupósti eða símtali) eftir viku.

VINNUFERLI VIÐ MJÖG ALVARLEG BROT

Ef starfsmaður verður vitni af því að nemandi brýtur alvarlega af sér þarf hann að vinna samkvæmt neðangreindu ferli.

Starfsmaður tekur strax á málinu, gefur **stoppmiða** og fer með nemanda til umsjónarkennara eða skólastjórnenda.



Umsjónarkennari hefur **samband við foreldra**, lausn fundin til úrbóta og frekari afleiðingar ákveðnar, uppþótarverkefni eða forréttindamissir.



Stoppmiðanum komið til ritara sem skráir hann í mentor. Ritari safnar í möppu.

**Eftir 3 stoppmiða á hverju stoppmiðatímabili**

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 3 stoppmiða.

**Eftir 5 stoppmiða á hverju stoppmiðatímabili**

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 5 stoppmiða (strax ef nauðsyn krefur) og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.



Málið yfirfarið (með öðrum fundi, tölvupósti eða símtali) eftir viku.

Agabrot - afleiðingar

Starfsfólk Síðuskóla hefur ákveðið að nota aðferðafræði SMT til að stuðla að betri hegðun og framkomu nemenda innan skólans og koma í veg fyrir óæskilega hegðun. Eigi nemandi í erfiðleikum með að fylgja reglum mun starfsfólk kenna og æfa rétta hegðun með honum og stuðla með því að hann verði ábyrgur gerða sinna, sýni virðingu og vináttu.

Afleiðingar fara eftir alvarleika brota, því alvarlegri sem þau eru verða afleiðingarnar meiri. Gefa skal nemanda tækifæri til að lagfæra hegðun sína við fyrsta brot á skólareglu nema brotið sé svo alvarlegt að gefa þurfi stoppmiða strax.

Nemandi sem brýtur skólareglu er beðinn um að sýna og æfa æskilega hegðun við tilgreindar aðstæður og hvattur til að forðast slíka hegðun í framtíðinni. Ef nemandi sýnir bætta hegðun þá er honum hrósað og málið úr sögunni en ef hann lætur sér ekki segjast þá fær hann val um að lagfæra hegðunina eða fá afleiðingu sem er þá skráð í mentor sem stoppmiði.

Starfsmaður sem gefur stoppmiða kemur honum til ritara sem sér um að skrá hann í dagbók nemandans. Umsjónarkennari sér um að halda utan um talningu á stoppmiðum. Ef kennarar vilja geta þeir sjálfir séð um skráninguna.

Ef nemandi fær stoppmiða hefur umsjónarkennari strax samband við foreldra ef nauðsyn krefur en annars eftir að nemandi hefur fengið 3 stoppmiða. Leita skal að lausn til úrbóta í samtali við þá.

Eftir að nemandi hefur fengið 5 stoppmiða boðar umsjónarkennari foreldra á fund í skólann með eða án stjórnanda.

Á hverju skólaári eru 4 stoppmiðatímabil.

Skólabyrjun til loka október.

1. nóvember fram að jólafríi.

Frá áramótum til febrúarloka.

1. mars til skólaloka.

Starfsmaður velur í samvinnu við umsjónarkennara viðeigandi afleiðingu eftir eðli brotanna og aldri nemandans.

Brotum á skólareglum er skipt í tvo flokka, minna alvarleg brot og mjög alvarleg brot.

Tafla 1: Viðmiðunarlistar við mat á alvarleika brota

Minna alvarleg brot	Mjög alvarleg brot
Fer ekki eftir fyrirmælum Hrekkir eða stríðni Ljótt orðbragð, ókurteisi Óstundvísi Truflar kennslu Truflar leiki annarra Tyggjó, sælgæti og gos Tónlist, farsímar og húfur Hjólar á leikvelli Slæm umgengni Hindrar eðlilega umferð Skemmdir án ásetnings Annað? _____	Skemmdarverk Slagsmál/ stympingar Meiðandi ummæli Ofbeldi eða einelti Hótanir Þjófnaður Vopn Vímuefnanotkun (líka tóbak) Annað? _____

Hafi nemandi fengið einn eða fleiri stoppmiða fylgja því afleiðingar. Nauðsynlegt er að reyna að tengja saman eðli brotsins og afleiðingu þegar ákveðin leið er valin t.d.

þegar nemendur flokka ekki rétt gætu þeir farið og tínt rusl eða ef þeir ganga ekki frá hreinu borði þá gætu þeir farið í þrif í matsal.

Möguleikarnir eru:

- ❖ Ræða við nemandann á staðnum og viðvörðun gefin.
- ❖ Leysa málið á staðnum.
- ❖ Vísa nemandanum til **umsjónarkennara eða skólastjórna**.
- ❖ Missa ákveðin **forréttindi**. Sjá töflu aftan á blaði.
- ❖ Samband haft við foreldra. **Umsjónarkennari** sér um það en **faggreinarkennari** getur gert það í samráði við umsjónarkennara.
- ❖ Foreldri sækir skóla með nemanda.
- ❖ Bæta tjón sem nemandi veldur af ásetningi, **skólastjóri** og **húsvörður** sjá um það.
- ❖ Einvera hjá **skólastjórnum**.
- ❖ Vinna ákveðin uppbótarverkefni samkvæmt verklýsingu. Sjá töflu aftan á blaði.
- ❖ Vísa honum úr kennslutíma til **skólastjórna**.
- ❖ Nemandi lærir fram á gangi ef hann sinnir ekki náminu í kennslustofunni.
- ❖ Tímabundin brottvísun úr skóla og sækja þá foreldrarnir börnin.
Umsjónarkennari og skólastjóri taka þessa ákvörðun.
- ❖ Brottvísun úr skóla samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga. **Skólastjóri** tekur ákvörðunina.
- ❖ Annað _____

Dæmi um forréttindamissi	Dæmi um uppbótarverkefni
---------------------------------	---------------------------------

<ul style="list-style-type: none"> ❖ Fá ekki að fara í frímínútur og situr þá í einveru eða við að læra hjá skólastjórnendum, skólaliðar geta einnig sinnt þessu. ❖ Fá ekki að fara í ballskák (biljarð) eða borðtennis í frímínútum eða hádegi. Starfsmaður á frímínútnavakt sér um það sem tilheyrir salnum og skólaliðar sjá um C-gang. ❖ Missa af ferðum (sem stutt er í). Umsjónarkennari og skólastjórnandi taka ákvörðun. ❖ Fá ekki að fara í íþróttatíma. 	<ul style="list-style-type: none"> ❖ Hreinsa eða skafa tyggjó upp af gangstétt, tveir fermetrar í umsjón húsvarðar. ❖ Þrífa glugga að innan eða utan í umsjón húsvarðar sem metur hversu mikið. ❖ Sópa anddyri, gangstétt í umsjón húsvarðar sem metur hversu mikið. ❖ Raða skóm í anddyri eða þrífa skólhillur í umsjón skólaliða. ❖ Matarliði í einu hádegi og sér starfsfólk í eldhúsi og skólaliðar um það. ❖ Þrífa að hámarki tuttugu stóla og tíu borð í matsal í umsjón skólaliða. ❖ Þrífa óhreinar bækur á bókasafni í umsjón bókavarðar. ❖ Sitja af sér seinkomur og læra í 20 mínútur í frímínútum í umsjón deildastjóra eða annarra starfsmanna. ❖ Tína rusl af skólalóð, í umsjón kennara, deildarstjóra, skólaliða eða húsvarðar. ❖ Flokka spil og fleira í hillum á göngum í umsjón kennara, deildarstjóra, skólaliða eða húsvarðar. ❖ Hræra í lífræna dallinum í umsjón deildastjóra eða húsvarðar. ❖ Ydda blýanta í umsjón kennara, deildarstjóra eða skólaliða. ❖ Raða einhverju sem þörf er á t.d. á þeirra gangi í umsjón kennara, deildarstjóra eða skólaliða.
---	--